

Hott Þórhús
18/10/18

Reykjavík 10.10.2018

R/18100316
Skjalasætin Káðhóttur
18. okt. 2018
Lokanum 35813

Til: Borgarstjórans í Reykjavík, hr. Dags B. Eggertssonar eða staðgengils hans.

Frá: allmögum fastagestum í Sundlaug Vesturbæjar, sem jafnframt eru flestir kjósendur í Reykjavíkurborg og nota æfingaaðstöðu laugarinnar.

Efni: fyrirhuguð lokun á æfingaaðstöðu í Sundlaug Vesturbæjar, sem staðsett er við hliðina á útiklefum laugarinnar.

Æfingaaðstaðan er mikið notuð bæði af ungu fólk í framhaldsskólum hverfisins (HÍ) svo og fólk með ýmis stoðkerfisvandamál. Einnig mæta á svæðið þeir sem eru að ná sér eftir veikindi ýmis konar í samráði við sjúkrabjálfara og notar fólk þessa aðstöðu ásamt því að fara í sund og potta laugarinnar á öllum tímum dagsins. Sundlaugar er jú borgarbúum til heilsueflingar ekki hvað síst. Það að leggja þessa aðstöðu niður nú væri mikil afturför og illskiljanlegt miðað við þann fjölda sem notar þessa aðstöðu.

Fulltrúi Borgarinnar hefur nefnt að til standi að byggja æfingahús á lóð laugarinnar, sem komi í staðinn fyrir áður nefnda aðstöðu. Þetta hefur verið nefnt áður nokkrum sinnum í gegnum tíðina en aldrei orðið af framkvæmdum, enda verkefni sem tæki mörg ár að gera að veruleika.

Ágæti borgarstjóri Dagur B. Eggertsson, við undirrituð sendum þér hér með vinsamlegast þetta bænarskjal, um að æfingaaðstaða í Vesturbæjarlaug fái að vera áfram eins og verið hefur. Þessu til staðfestingar fylgja hér með undirskriftir 339 sundlaugargesta.

Með bestu kveðjum og ósk um góðan bata borgarstjóri Dagur B. Eggertsson.

Svar óskast sent í pósthólf 68, 121 Reykjavík eða sent í Vesturbæjarlaug.

Fylgiskjöl: 18 undirskriftarlistar fylgja með.